

Ástríðan – hvað viltu læra elskan mín?

Birt til heiðurs dr. Ingvari Sigurgeirssyni prófessor sjötugum

Grein II



Soffía Vagnsdóttir

Í fyrstu grein minni ([sjá hér](#)) fjallaði ég um þá vegferð sem skólinn hefur verið á allt frá því að foreldrar mínir voru börn og byggðu undir sína framtíð og fram til þess sem börn í skólum nútímans þurfa og ættu að læra. Hér er sjónum einkum beint að þörfinni fyrir breytingar á inntaki náms miðað við viðhorf nemenda til skólans og þess sem þeir eru að fást við þar.

Framtíðin er ekki fyrirsjáanleg

Eða hvað? Er hún fyrirsjáanleg? Miðað við síðustu fréttir af umhverfismálunum – já! Og þess vegna er mikilvægt að ræða hana, ekki síst við nemendur. Framtíðarhugsun er mikilvæg vegna þess að með góðum áætlunum getum við haft áhrif á ótrúlega margt, rétt eins og í okkar persónulega lífi. Og þar hefur skólinn mikilvægu hlutverki að gegna. En hvernig í ósköpunum á skólinn að takast á við þetta? Þegar vísbendingar eru um að alltof margir vilja ekki vera þar? Þegar enginn veit hvað þetta fólk er að fara að gera í framtíðinni? Þegar allir geta sótt alla vitneskju, jafnvel þekkingu á netið? Svo eru það Thunberg áhrifin – þegar öll

börn eru komin á torgið að tjá sig um menn og málefni og jafnvel um stóru málin, eins og hlýnun jarðar eða flóttamannavandann og skólinn veit ekki hvort hann á að skrifa skróp eða hrópa húrra fyrir áræðinu.

Í þessari grein fjalla ég um viðhorf nemenda til skólans og viðfangsefna þeirra þar, sem mögulega geta varpað ljósi á ástæður þess að þeim leiðist í skólanum. Ég byggji umfjöllunina á hluta af niðurstöðum meistaraárannsóknar sem ég vann í námi mínu í Evrópufræðum við Háskólann á Bifröst árið 2018 (Soffía Vagnsdóttir, 2018). Ég tók viðtöl við sex skólastjórnendur í fjórum Evrópulöndum, lagði spurningalista fyrir nemendur í Slóvakíu og á Íslandi og tók auk þess rýnihópaviðtöl við íslenska nemendur. Ljóst er að þetta eru vísbendingar fremur en afgerandi rannsóknarniðurstöður, en geta varpað ljósi á viðhorf tiltekinna nemenda um viðfangsefnin í skólanum og þá ætti sem valda þeim leiða.

Er ástríðan besta hvatningin til náms og þekkingarleitar?

Sagt er að börn og ungmenni hafi ekki áhuga á því að læra um tilgangslausa hluti. Það virðist einkum eiga við um drengi. Ef reynist rétt að hluti starfa í náinni framtíð séu ekki til í dag, þá hlýtur ýmislegt að þurfa að breytast í námi barna og ungmenna. Ég læt nægja að horfa til starfa innan kvikmyndaiðnaðarins og fiskvinnslunnar. Í fiskvinnslunni er komin vél sem sker úr beinagarð og sker síðan flakið í jafna bita, eftir vilja mannshugans. Störf fiskvinnslukvennanna fjúka út í veður og vind. Í kvikmyndaiðnaðinum er fjöldi starfa orðinn til sem flest heita ensku nafni, en eru bæði fjölbreytt og skemmtileg.

Í hefðbundnu skólastarfi vítt og breytt um heiminn er skólum stýrt af fullorðnum og nemendur hafa takmarkaðað um skólastarf að segja þrátt fyrir að verja þar drjúgum hluta á degi hverjum. Námsefnið er búið til af fullorðnum, rétt eins og húsnæðið, skólareglurnar, starfsemin, viðburðir og bækurnar sem eru notaðar. Aðgerðir til að koma á sameiginlegu eignarhaldi á skólastarfi hafa lítið verið ástundaðar. Slíkt eignarhald mætti þróa með aðkomu nemenda og aukinni ábyrgð þeirra innan skólanna ásamt öllum öðrum sem að skólastarfinu koma (Zhao, 2018).

Raddir nemenda og áhrif þeirra á skólastarf og eigið nám hafa hlotið meira vægi en áður. Í íslenskum lögum um grunnskóla frá 2008 er fest að skólaráð skuli starfa við hvern skóla og í því sitja tveir fulltrúar nemenda (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Það er mikilvæg leið til að raddir nemenda fái að heyrast. Margir skólar hafa þróað ýmsar leiðir til að auka þátttöku nemenda í ákvörðunum innan skólans en oftast nær snýst það um annað skipulag en á en náminu sjálfu og inntaki þess. Í samtölum við stjórnendur sem rætt var við í

meistaraverkefni mínu voru þættir eins og umgengni í skólanum og skipulag menningarviðburða innan skólans nefndir þegar spurt var um aðkomu nemenda að skipulagi skólastarfsins. Svo virðist sem erfiðasti hjallinn í breytingarferli skólastarfs sé að rýna í inntak námsins sjálfs. Hvað er verið að kenna, hvernig það er gert og hvað skiptir raunverulega máli fyrir nemandann að læra?

Einn viðmælenda minna, skólastjóri í Hollandi, hafði þetta um tilgang skólastarfs og mikilvægi hamingjúsamra nemenda að segja:


Einn megintilgangur með skólastarfinu okkar er að reyna að gera nemendur okkar hamingjúsama. Ekki eingöngu núna, heldur þegar þeir vaxa úr grasi, að þeir geti orðið fullorðnir, hamingjúsamir einstaklingar sem geta fundið sér starf sem þá langar til að vinna við.

Skólastjórinn lagði áherslu á að hver einstaklingur þurfi að finna lífi sínu tilgang og til þess þurfi hann stuðning í gegnum nám sitt frá unga aldri. Fleiri hafa þessa sýn á hlutverk skólans og tengslin við tilgang og ástríðu. Hér má nefna frumkvöðlafræðinginn Couros (2015) sem heldur því fram að nauðsynlegt sé að hjálpa nemendum við að finna ástríðu sína og skapa námsreynslu sem hvetur þá til að þróa eigin styrkleika.

Skólaleiði og líðan nemenda í skólanum

Hér á eftir er farið yfir nokkrar niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir 14 ára gamla nemendur í öllum grunnskólum Akureyrar og í einum skóla í Slóvakíu árið 2017. Heildarfjöldi svarenda var 247, eða 73 nemendur í Slóvakíu og 175 nemendur á Íslandi.

Nemendur voru í upphafi spurðir út í viðhorf sitt til veru sinnar í skólanum.



Mynd 1: Mér finnst gaman /leiðinlegt í skólanum.

Samkvæmt niðurstöðunni eru nemendur ekki allir að upplifa ánægju af því að vera í skóla (mynd 1). Þannig finnst um 16% íslenskra stúlkna frekar eða mjög leiðinlegt skólanum og heldur stærri hópi slóvakískra stúlkna. Staðan er mun verri í drengjahópnum en tæpum þriðjungi íslenskra drengja finnst leiðinlegt í skólanum og svipuðu hlutfalli slóvakískra drengja. Það er áhyggjuefni að svo stór hluti nemenda finni ekki gleði í því að sækja skóla. Það skortir frekari rannsóknir til að vita betur hvers vegna nemendum hér á landi leiðist í skólanum. Þar er líklega meginsteifið mikilvægi þess að ná til nemandans og hvernig kennarinn og nemandinn geta mæst, að þeir séu að tala saman og hugsa saman (Hafþór Guðjónsson, 2018). Í niðurstöðum *Rannsóknar og greiningar* á líðan nemenda í íslenskum skólum árið 2018, kemur fram að í kringum 10–11% nemenda í 8. bekk og 9. bekk segist oft eða nær alltaf líða illa í skólanum (Rannsóknir og greining, 2018). Nemendur þurfa ekki endilega að upplifa slæma líðan þó þeir upplifi skólaleiða, en leiða má líkum að því að þar sé vissulega samhengi á milli. Það þarf einnig að greina betur hvernig hægt er að styðja við hæfni kennara til að átta sig betur á þegar nemendum leiðist og finna út hvers vegna (Daschmann o.fl., 2014). Leiðir nemendur ná ekki að efla vitsmunalegan þroska sinn og persónulega hæfni og eru því í mun meiri áhættu að fá lægri einkunnir, lenda í fjarveru frá skóla og brottfalli (Daschmann o.fl., 2014).


Skólaleiði virðist vera vandamál víða, ef marka má orð dr. Mette Marie Ledertoug skólasálfræðings, sem hún kynnti á ráðstefnu á vegum Landlæknisembættisins í ágúst 2018. Þar kom fram að um fjórðungur danskra barna finna fyrir skólaleiða og flest þeirra sögðu það tengjast aðstæðum á vettvangi, s.s. námsumhverfi, námsefni, kennsluaðferðum, virkni og tengslum við aðra. Niðurstöður áhugaverðrar rannsóknar á þýskum börnum í 9. bekk

bentu til að ríflega 90% þeirra fannst innlögn kennara í kennslustundum einhæf, síendurtekin og með sama hætti, vera helsta ástæða skólaleiðans, tæp 70% nefndi einnig inntak námsefnisins sem ekki veki áhuga þeirra. Rúmlega 40% nemenda nefndu eigin stöðu og líðan og svipað hlutfall nefndi frammistöðu kennarans, s.s. kulnun í starfi og fleira (Daschmann o.fl., 2014).

Viðhorf nemenda til innihalds náms

Tilgangsleysi og einsleitni í kennsluháttum er einn þáttur sem nemendur nefna oft sem ástæðu þess að þeim leiðist í skólanum (Daschmann o.fl., 2018). Ýmsar vísbendingar eru um að aðferðafræði kennslu þurfi að breytast og inntak náms sömuleiðis. Mjög mikilvægt er að rýna betur í það sem gert er á vettvangi og hvað er verið að kenna.


Í könnun minni kom fram að þó nokkuð stór hópur nemendanna fann mikið tilgangsleysi í því sem þeir voru að gera í skólanum. Um 40% nemendanna í báðum löndunum upplifðu að það sem þeir gerðu í skólanum skipti ekki máli.



Mynd 2: Ég er að gera margt/ekkert í skólanum sem mér finnst ekki skipta máli.


Það liggur eiginlega í hlutarins eðli að þegar nemendur sjá ekki tilgang í því sem þeir eru að fást við í skólanum, finnst þeim ekki skemmtilegt. Í niðurstöðunum kom fram að tæplega 60% íslenskra stúlkna fannst þær vera að læra margt skemmtilegt í skólanum en tæp 50% drengja. Hlutfallið er mjög svipað í slóvakísku svörunum (mynd 3).

Þetta gefur til kynna að endurskoða þurfi hvað er verið að kenna þegar svo stór hluti nemenda hefur ekki ánægju af því sem þeir eru að læra og sjá ekki tilgang með því.



Mynd 3: Ég er gera margt/ekki í skólanum sem mér finnst skemmtilegt.

Þetta staðfestist enn frekar í svari nemenda við spurningunni hvort þau séu að læra það sem er mikilvægt fyrir framtíðina (mynd 4). Þar töldu aðeins um tveir þriðju íslenskra stúlkna og 61% þeirra slóvakísku sig vera að læra eitthvað sem er mikilvægt fyrir framtíðina. Það kemur örlítið á óvart að heldur stærri hluti drengjanna eða 73% þeirra íslensku og 68% slóvakísku drengjanna töldu sig vera að læra margt í skólanum sem skiptir máli fyrir framtíðina.




Mynd 4: Ég er að læra margt/ekkert í skólanum sem mér finnst mikilvægt fyrir framtíðina.

Hollenski menntafrömuðurinn og frumkvöðullinn Maurice de Hond (munnleg heimild, 10. nóvember 2017,) benti á að núverandi skólakerfi væri byggt á iðnaðar- og framleiðsluhugsun og vísaði m.a. í rannsókn sem hann sjálfur gerði þar sem einstaklingar sem höfðu lokið háskólaprófi voru spurðir hvort þeir hefðu valið sama fagið og þeir völdu að læra ef þeir ættu að velja aftur. Þá kom í ljós að 55% hópsins sagðist hefðu valið eitthvað annað. De Hond dró þá ályktun að óformlegt nám utan skólakerfisins hefði komið þeim á sporið um það sem þeir hefðu fremur viljað læra en völdu ekki.

Ef ef kennarar myndu skapa nemendum aðstæður til að upplifa persónulegan árangur myndu þeir þróa og efla eigið sjálfstraust. Með því að bjóða nemendum stöðugt upp á tækifæri til að efla persónulegu styrkleika sína enn frekar, eru þeir að þróa námshæfni sína, jafnt og trú á eigin getu. Hver áskorun sem nemendur sigrast á eykur skilning þeirra og trú á að þeir geti lært og tekist á við verkefni sem reyna á.

Þegar nemendur voru spurðir álits um hversu mikil áhrif þeir fá að hafa á það sem þeir læra eru niðurstöður nokkuð sláandi (mynd 6). Rétt um 16% íslensku nemendanna fannst að þeir fengju miklu um það ráðið hvað þeir læra í skólanum. Svo virðist sem slóvakískir jafnaldrar þeirra upplifi heldur meiri ákvörðunarrétt en ríflega þriðjungur taldi svo vera.




Mynd 5: Ég ræð miklu/engu um það sem ég læri í skólanum.

Sjálfsákvörðunarréttur nemandans um val á viðfangsefnum


„Það er ekkert kennt um hvernig á að bjarga sér frá ýmsum hættum. Og þegar maður lendir í einhverju, veit maður ekkert hvað maður á að gera“ (nemandi úr rýnihópi).

Á mynd 6 má sjá að meirihluti nemendanna í báðum löndunum segjast vilja læra annað í skólanum en það sem þau eru að læra, sýnu fleiri í Slóvakíu heldur en á Íslandi. Mikilvægt er að árétta að þetta eru aðeins vísbendingar um viðhorf nemenda.



Mynd 6: Mig langar að læra annað en það sem ég fæ að læra í skólanum.


Eins og fram hefur komið er sjálfsákvörðunarréttur nemandans í eigin námi og tækifæri hans á að velja viðfangsefni mjög mikilvægur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það eru of fá tækifæri fyrir nemendur til að velja sér viðfangsefni í skólanum (mynd 7). Um 17% íslenskra stúlkna telja sig stundum eða oft fá að velja sér verkefni og aðeins rúm 6% jafnaldra þeirra í Slóvakíu. Tæp 23% drengja telja sig frekar eða mjög oft fá tækifæri til að velja sér verkefni í skólanum en aðeins um 7% þeirra slóvakísku jafnaldra.



Mynd 7: Ég fæ oft að velja mér verkefni í skólanum.

Víða eru skólar að prófa aðferðir til að virkja nemendur til ákvarðana. Í tékkneska skólanum lýsti aðstoðarskólastjórinn skólapingum sem haldin eru í skólanum (e. school parliament). Þar fá nemendur tækifæri til að axla meiri ábyrgð á því sem á sér stað í skólanum, en mest eru það þó hlutir eins og reglur um umgengni, tónlist í skólabjöllunni eða slíkt en ekki um inntak námsins. Dæmi um slík skólaping er einnig að finna víða í íslenskum skólum.

Mynd 8 sýnir að það er reynsla nemenda að þeir séu nánast aldrei spurðir um hvað þeir vilja læra í skólanum. Þetta er í hróplegu ósamræmi við kenningar nútíma sérfræðinga um þróun í skólastarfi og breyttar áherslur í kennslu og kennsluaðferðum þar sem kennarinn ætti fremur að vera leiðsagnaraðili sem leiðir nemandann áfram í þekkingarleit sinni og forvitni. Kennarar ákveða viðfangsefnið, skipuleggja það og taka ákvörðun um með hvaða hætti það er unnið af nemendum. Nemendur eru samkvæmt niðurstöðunum því enn í hlutverki móttakenda þess sem kennarinn leggur fram í stað þess að leita sjálfir þekkingar sem þeir sjálfir kjósa að finna með aðstoð kennarans.



Mynd 8: Kennarinn spyr mig oft: Hvað viltu læra í dag?


Það er ánægjulegt að sjá að íslensku nemendurnir segjast fá mjög oft að vinna saman og mun oftar en jafnaldrar þeirra í Slóvakíu.

Það er skoðun aðstoðarskólastjórans í tékkneska skólanum að *hefðir* standi í vegi fyrir nýjum aðferðum. Margir kennarar gera sér grein fyrir mikilvægi þess að breytingar þurfa að eiga

sér stað en aðrir ekki. Þeir horfast ekki í augu við stórar áskoranir sem heimurinn þarf sameiginlega að takast á við, s.s. loftslagsbreytingar, flóttamannavanda og fleira. Í skólanum hjá henni er nú kennd námsgrein sem kölluð er *nútímavandamál heimsins* (e. problems of the modern world) þar sem fjallað er um smærri og stærri vandamál, bæði í nærsamfélagi og á alþjóðavísu. Að mati eins viðmælenda minna úr hópi skólatjórna, Petru Boháčková eru helstu áskoranir í nútíma skólasterfi hve erfitt er að reyna að gera sér grein fyrir þörfum nemenda þegar þeir hafa setið allt að 20 ár á skólabekk; hvað það væri helst sem þeir þyrftu að vera færir um að þeim tíma liðnum, hún sagði:

Eitt er víst að nemendur þurfa að læra að þeir þurfa að vera að nema ævina út. Þeir þurfa að kunna samvinnu, inn í bekknum, í hópum innan skólans, með nemendum í öðrum skólum og jafnvel með nemendum í öðrum löndum. Þeir þurfa að vera skapandi og þeir þurfa að njóta þess að læra.

Af svörum nemenda má hins vegar sjá að samvinnunám er það sem nemendur vilja helst, að vinna með öðrum nemendum (mynd 9). En um 90% allra nemendanna finnst mjög gaman að vinna í hópavinnu. Þetta gefur vísbendingar um að félagslegur þáttur náms skipti máli. Það að læra og vinna með jafnöldrum er mikilvægur þáttur í þroska og lærdómsferli.



Mynd 9: Mér finnst gaman að vinna í hópavinnu.

Nemendur ættu jafnan að hafa tækifæri til að læra hverjir af öðrum og deila því sem þeir

hafa lært til annarra. Við viljum efla nemendur í því að hafa rödd og því þurfum við að kenna þeim að nota rödd sína til að hafa áhrif (Couros, 2015).

Hvað telja nemendur mikilvægast að læra?

Í viðtölum við rýnihópana kom glögg fram það leiðarstef að nemendum finnst þeir ekki fá að hreyfa sig nægilega í skólanum. Þeir telja mikilvægt að auka hreyfingu og eiga valkosti þar sem það er hægt. Þá kom fram í mörgum hópanna að það væri mikilvægt að fá að vinna í hópavinnu þar sem samskiptahæfni skipti miklu máli. Sumum nemendum fannst ekki nægilega mikið verið að þjálfra samvinnu og samskiptahæfni. „Það er mikilvægt að vinna meira saman, það mun gagnast manni í framtíðinni. Að læra á samskipti er mikilvægt og að hafa góða þekkingu á mörgum hlutum“ (nemandi í rýnihópi).

Mörgum fannst íslenskukennsla of fræðileg og of mikill tími fara í þætti eins og orðflokkgreiningu og þætti sem ekki skiptu lykilmáli. Tjáning, lestur og lesskilningur væru mikilvægari.

Nemendur í rýnihópum nefndu einnig að kennsluaðferðir þyrftu að vera öðruvísi. Of mikið væri um að nemendur væru látnir lesa texta og svara spurningum. Það væri mun betra að nota tæknina betur og fækka bókum. Hún myndi einnig hjálpa þeim að halda utan um eigið nám og bera meiri ábyrgð á því. Tæknin myndi einnig létt á starfi kennara.


Það var rauður þráður í viðhorfum rýnihópanna að nemendur vilja hafa meira val um það sem þeir eru að læra. Þeir vilja fá kennslu í skapandi hugsun, það sé of mikil mótun í gangi, þeir vilja fá að finna hlutina út sjálfir, fá að rannsaka, taka þátt í rökræðum og kappræðum. Þeir vilja fá að koma fram og tjá sig og auka færni sína í framkomu og tjáningu og fræðast miklu meira um heilsuna og heilbrigðan lífsstíl en einnig um hagfræði og notkun peninga.

Athyglisvert var að nemendum er mjög umhugað um stöðu kennara. Það væri mikið álag á kennara og það verði að hjálpa þeim, sérstaklega varðandi tæknina.

Nemendur láta sér annt um þá sem minna mega sín og vilja að komið sé mun betur til móts við þá sem eiga í erfiðleikum námslega og að þeir fái námsefni við hæfi. Þetta kom heim og saman við viðhorf í rýnihópum nemenda sem eru í þeirri stöðu. Þeim fannst námið oft erfitt og fannst þeir ekki fá viðeigandi stuðning.


Nemendur voru spurðir um viðhorf sín til náms í nokkrum lykilþáttum sem taldir eru mikilvæg þekking og hæfni fyrir þróun réttláts og heilbrigðs samfélags fyrir mannkynið á 21. öld: Nám í forritun, mannréttindum, umhverfi og náttúru og skapandi hugsun.

Margir hafa þá skoðun að kennsla í forritun þurfi að hafa jafnmikinn forgang í námi nú á dögum og almennt læsi og ritun. Það kemur því nokkuð á óvart að nemendur settu ekki forritunarnám í forgang í námi sínu (mynd 10). Það var þó nokkuð stærra hlutfall slóvakísku unglinganna sem töldu þekkingu á forritun frekar eða mjög mikilvæga.




Mynd 10: Mér finnst mikilvægt að kunna að forrita.

Nemendur töldu hins vegar tungumálakunnáttu mjög mikilvæga (mynd 11), sem styður við sýn sérfræðinga um mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu og lausnaleyndar á flóknum viðfangsefnum sem ná langt yfir landamæri. Nemendur gera sér skýra grein fyrir að tungumálakunnátt er lykilhæfni í samskiptum þjóða og er það gleðilegt.



Mynd 11: Mér finnst mikilvægt að læra erlend tungumál.

Þegar nemendur voru spurðir um mikilvægi þess að læra um umhverfi og náttúru í skólanum sést að tæp 78% íslenskra stúlkna og drengja töldu þennan þátt frekar eða mjög mikilvægan. Slóvakísku drengirnir eru sama sinnis og þeir íslensku en vegna mistaka féll þessi spurning af lista slóvakísku stúlkanna.




Mynd 12: Mér finnst mikilvægt að læra um umhverfi og náttúru í skólanum.

Miðað við þá miklu alþjóðlegu umræðu sem orðið hefur um umhverfismál og sjálfbærni gefa

Þessi viðhorf nemenda góð fyrirheit um sýn þeirra á þennan mikilvæga málaflokk. Alþjóðasamfélagið setur umhverfismál og sjálfbærni ofarlega í umræðuna og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir, til að mynda í loftslagsmálum, kalla á aukna vitund, ábyrgð, meiri þekkingu og leit að lausnum. Það verður að meginhluta verk þessarar kynslóðar. Þarna liggur mikilvægt tækifæri en ekki síst ábyrgð skólasamfélagsins til að auka fræðslu um mikilvægi þess að þekkja umhverfið, læra á það og nýtingu þess og síðast en ekki síst umgengni við það. Umhverfismál eru forgangsmál á 21. öld og allar æðstu stofnanir heimssamfélagsins, eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið, jafnt innan ríkja sem á heimsvísu beina sjónum sínum að umhverfi og náttúru og þeirri vá sem steðjar að, verði ekkert að gert. Þess vegna er mjög mikilvægt að stórauka kennslu fyrir börn og unglinga á þessu sviði og m.a. hjálpa þeim að átta sig á neysluhegðun í samhengi við sjálfbærnihugsun. Þeirra er framtíðin og þeirra verður ábyrgðin að bregðast við.


Skapandi hugsun er einn af þeim lykilþáttum sem heilbrigt, sanngjarnt og skapandi samfélag til framtíðar er talið byggja á. Nemendur átta sig vel á þessu því rétt um 90% þeirra töldu það frekar eða mjög mikilvægt. Skapandi hugsun leiðir til lausnaleytrar og er uppspretta nýrra hluta og hugmynda.



Mynd 13: Mér finnst mjög mikilvægt að læra að vera skapandi í hugsun.

Nemendur eru mjög meðvitaðir um mikilvægi mannréttinda og vilja mjög gjarnan hafa þann þátt öflugan í námi sínu (mynd 14). Athyglisvert er að sjá að hærra hlutfall slóvakísku

nemendanna telur vera mjög mikilvægt að læra um mannréttindi heldur en þeirra íslensku. Einnig er athyglisvert að í báðum löndunum virðast stúkurnar vera ákveðnari í að mannréttindafræðsla sé mikilvæg heldur en drengirnir.



Mynd 14: Mér finnst mikilvægt að læra um mannréttindi í skólanum.

Að lokum

Hér hefur sjónum verið beint að viðhorfum nemenda og stjórnenda til breytinga á inntaki náms, hvað nemendur telja mikilvægt og vilja læra og hvers vegna það reynist vera flókið að breyta skólastarfi og inntaki náms með meiri áherslu á vilja og óskir nemenda.

Annar af íslensku skólastjórunum sem ég ræddi við, Skúli Kristjánsson, sagði nemandann sjálfan verða að vera miklu virkari í eigin námi. Að hans mati erum við að svíkja nemendur nútímans og leggja áherslu á ranga hluti:

Nemandinn á að setja sér markmið um að hverju hann stefnir. Það verði að nýta betur leiðsagnarnámið og aðferðir leiðsagnarmats. Enn séu alltof margir kennarar uppteknir af því að kenna í stað þess að leiðbeina. Nemandinn verður því aldrei raunverulega virkur í eigin námi. Það gerir það að verkum að nemendur upplifa að marga daga í röð séu þeir að ganga í gegnum „sama daginn“ í skólanum. Það þarf að tengja saman, gera viðfangsefnið að verkefni, jafnvel þó að tiltekin viðmið séu í mínútutali í hverri námsgrein. Nemendur eiga að vera virkir í eigin námi en við getum ekki gefið þeim

Þessa tauma á meðan við kennum þeim eins og við kennum þeim í núverandi stöðu, þar sem við setjum upp svo stífan ramma um kennslustundina að þeir fá ekkert svigrúm innan hans.

Hann benti á mikilvægi nemendalýðræðis og vísaði í þeim efnum til Kanada þar sem nemendalýðræði er í hávegum haft.

Ég tel heilshugar undir þessa skoðun. Ég tel að stóra breytingin í skólakerfinu verði að vera miklu meiri áhersla á trú og traust á ákvörðunarrétt nemenda. Það er dapurlegt að nýjustu hugtökin í skólaumræðunni skuli vera orð eins og skólaforðun og loftslagskvíði. Menntun og fræðsla um málefnið og virk hlustun á raddir nemenda er meðal annars svar við þessum vanda. Ég hef líka þá trú að kennarar séu komnir af stað í það breytingarferli að breyta starfsháttum sínum, að þora að vera leiðseggjandi í stað þess að vera stýrandi.

Viðhorf nemendanna staðfesta mikilvægi þess að dýpra nám eigi sér stað þegar nemandinn er fær um að umbreyta þeirri þekkingu og reynslu sem hann fær í gegnum námið yfir á önnur svið eigin lífs. Það styrkir um leið trú hans á að hann hafi eitthvað að segja um það sem hann vill læra og hvar áhugasvið hans liggur á hverjum tíma.

Með dýpra námi er átt við það ferli sem einstaklingurinn gengur í gegnum til að öðlast sex eiginleika sem eru þekking á persónulegri skapgerð (e. character), hvað það þýðir að vera samfélagsþegn (e. social citizen), samstarfshæfni (e. collaboration), samskiptahæfni (e. communication), sköpunarhæfni (e. creativity) og hæfni til gagnrýnninnar hugsunar (e. critical thinking). Þessir eiginleikar ná þá einnig utan um samkennd, samúð, samfélagslegan skilning, frumkvöðlahæfni og fleiri þætti sem flókin nótíminn krefst af einstaklingnum (Fullan o.fl., 2018).


Þjálfun í samstarfi nemenda á sem flestum sviðum skiptir máli því þannig öðlast þeir færni í að þroska hæfileika sína á því sviði. Stjórnendurnir sem rætt var við gera sér einnig grein fyrir mikilvægi þess að þjálfa nemendur í samvinnu og nemendurnir sjálfir vilja vinna saman (mynd 9).

Í upphafi árs 2021 stigu nemendur í Hafnarfirði fram á sjónarsviðið sem hafa stofnað félagið Menntakerfið okkar ([sjá til dæmis hér um þetta félag](#)).

„Við litum til baka á skólagönguna okkar og áttuðum okkur á því að það var ansi margt sem við hefðum átt að læra sem við gerðum ekki,“ sagði Alexander Ívar Logason einn forsprakki hins nýstofnaða félags.

Við skulum þora að taka nemendur inn í umræðuna af alvöru og muna að betra er að líta til baka eftir 10-15 ár héðan í frá og geta sagt: Sko til, við náðum að undirbúa nemendur okkar í grunnskólanum undir framtíð sína, þegar við heyrum af hamingjusömum og sáttum einstaklingum, sjáum ný störf hafa orðið til á fjölbreyttu sviði þar sem ungt fólk hefur lært að leita sér þekkingar. Fólk sem hefur byggt undir ástríðu sína, skapað sér vettvang og er færð um að lifa og starfa í réttlátu og sanngjörnu samfélagi þar sem allir geta verið með og um leið færst nær því að leysa stórar áskoranir sem við blasa á hverjum tíma. Það er í raun besta mælistikan á góðan grunnskóla.

Þriðja og síðasta greinin fjallar um framtíðina.



<https://www.menntakerfidokkar.is/?lang=en>

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Daschmann, E. C., Goetz, T., og Stupnisky, R. H. (2014). Exploring the antecedents of boredom: Do teachers know why students are bored?. *Teaching and Teacher Education*, 39, 22-30. <https://doi.org/10.1016/j.tate.2013.11.009>

Hafþór Guðjónsson. (2018, september). Að ná til nemenda. *Skólaþræðir, tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. <http://skolathraedir.is/2018/09/>

Rannsóknir & greining. (2018). Ungt fólk 2018: Lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík. Rannsóknir & greining.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/reykjavik_heild_loka.pdf

Soffía Vagnsdóttir. (2018). *Menntun fyrir mannkyn og jörð. Raddir nemenda um áhrif á eigin menntun og inntak hennar og viðhorf skólastjórna til sömu þátta* (meistararitgerð). Háskólinn á Bifröst.

[https://skemman.is/bitstream/1946/32494/1/Soff%*c3%ada%20Vagnsd%*c3%b3ttir%2013.%20febr%*c3%baar%202019.pdf***](https://skemman.is/bitstream/1946/32494/1/Soff%c3%ada%20Vagnsd%c3%b3ttir%2013.%20febr%c3%baar%202019.pdf)

Zhao, Y. (2018). Reach for greatness, personalizable education for all children. A SAGE

Soffía Vagnsdóttir er skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hún útskrifaðist sem tónmenntakennari frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1983, lauk árið 2013 meistaránámi í menningarstjórnun frá háskólanum á Bifröst og meistaránámi í Evrópufræðum frá sama skóla árið 2019. Hún hefur starfað sem kennari og skólastjóri, var fræðslustjóri á Akureyri í tæp fjögur ár en hefur síðustu þrjú árin starfað hjá Reykjavíkurborg.

Gestaritstjórn afmælisgreina Ingvars Sigurgeirssonar: Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor, Baldur Sigurðsson dósent og Gerður G. Óskarsdóttir fyrrverandi fræðslustjóri Reykjavíkur.

SKÓLAÞRÆÐIR
TÍMARIT SAMTAKA ÁHUGAFÓLKIS UM SKÓLAÞRÖUN

Grein birt: 27/4/2021